

VIÐ SIGRUM HÆSTU FJÖLL

Lag og texti: Hallgrímur Óskarsson

Ung voru hjörtu, ólgaði rísandi þrá
að opna hlekki hugarfars,
og aðra framtíð sjá.
Upp að fara, klífa klettafjöld.
Kuldann hemja á langri leið,
lifa í heila öld.

**Við höfum verið sterk
hér þurfti að vinna verk.**

**Við sigrum hæstu fjöll
ef saman stöndum öll.
Við tökum fastar á
sigrum þá.**

Aftaka hafrót, eldfjall í jökli gýs
með eilífu roki og hávaðahríð.
Mér hugur við þessu hrís.
Eftir myrkur, margt fær nýjan brag.
Að morgni vakna tímans tár,
með trú á nýjan dag.

**Elfur að ósi rennur,
ef okkar logi brennur.**

**Við sigrum hæstu fjöll
ef saman stöndum öll.
Við tökum fastar á...**

**Við sigrum hæstu fjöll
ef saman stöndum öll.
Tökum fastar á...**

Af háum heiðum seytle
og sameinast í ár.
Aflið verður eilíft
og eflist í þúsund a-a-a-ár...

**Við sigrum hæstu fjöll
ef saman stöndum öll
tökum fastar á.**

**Því við sigrum hæstu fjöll
ef saman höldum öll.
Tökum fastar á.
Sigrum þá.**